

Þrjú kvöld í Winnipeg.

BROT ÚR SKÁLDSÖGU EFTIR

Snae Snæland.

I.

Við Lára Eysteinsdóttir frá Bláfelli og Bæ í Heiðasveit vorum nær því jafn gömul, og ólumst upp í sömu sveit. Samt sem áður vorum við lítt kunn, þar til vorið sama og við fórum til Vesturheims. Eg var þá 20 ára, en hún 21 árs gömul. Það var systir mínn í Winnipeg, sem kom mér til að fara vestur um haf. Hún skrifaði mér oft, og bréfin hennar voru ljómandi glæsileg og eggjandi fyrir mig, sem unglung og framgjarnan pilt. Hún sagðist vera gift enskum manni, sem væri háttstandandi, já fjarskalega háttstandandi. Væri hann ekki af hertogaættum, þá væri hann óefað kaupmannssonur. Hún sagði mér barasta að koma vestur, og koma sem allra, allra fljótast. Það væri svo hryllilegt, svo dæmalaust hræðilegt, að hugsa til þess, að eg væri heima á Íslandi, einasti elskulegi bróðirinn sinn. Að eg barasta kæmi, kæmi fljótt, þá væri allar sínar óskir upptylltar í þessu lífi. Maðurinn sinn, jú elsku Jack, væri svo undur vel að sér og skemmtilegur. Eg yrði bara að koma og þreifa á því sjálfur. Eg gæti bara búið hjá þeim, og þyrfti ekkert að gera, hreint ekkert að vinna, fremur en mér sýndist. Og ekki yrði hann lengi að kenna mér málið, og svo gæti eg gengið á hvern skólann á fætur öðrum, og orðið hámenntaður, og fengið beztu stöðu innan þriggja ára. Hvert eg væri sjónlaus og heyrnarlaus, hvert eg læsi ekki íslenzku blöðin, hvert eg sæi ekki peningagjafirnar, heiðurslaunin og medalíurnar, sem íslenzku nemendurnir tæki við háskólanar í þessu landi. Hvert eg gæti nú ekki áttað mig á því, að hér væri, væri ekkert nema háskólar og lífis svo að segja tóm háskólaganga, fjör og líf, leikur og velgengni. Mér væri auðvitað ómögulegt að trúa því, frá íslenzku sjónarmiði, hve allt væri dýrðlegt í Winnipeg. Það væri engin von, ekki tiltök. En svo væri eitt, og það væri það, að elsku-hjartans-ljósið sitt, hann Jack, langaði svo undur óendanlega eftir,